



## Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra  
starfsmanna sveitarfélaga sem  
málið varðar

Dags.: 2. nóvember 2018

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 1806032SA

Málalykill: 01.21

### **Efni: Enn um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana til þriggja ára**

Í lok júní sl. sendi hag- og upplýsingasvið sambandsins frá sér minnisblað um helstu forsendur fyrir vinnslu fjárhagsáætlana. Í því minnisblaði var fjallað um þjóðhagsspá hagstofu frá 2. júní. Í dag birti hagstofan nýja efnahagsspá sem rétt er að fara nokkrum orðum um. Þá birti hagstofa enduskoðaða mannfjöldaspá 19. október sl. Fjármálaráðuneytið hefur nú látið sambandinu í té áætlun um tekjubreytingar næstu ára. Loks hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birt áætlun um öll framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Rétt þykir því að senda út minnisblað um endurmat á forsendum eins og raunar minnst var á í fyrra minnisblaði, jafnvel þótt ljóst sé að vinnu við fjárhagsáætlana sé lokið hjá sveitarfélögum.

## Efnahagsskilyrði

### **Þjóðhagsspá Hagstofu**

Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2018-2022 raktar.

### Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2018-2022

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Einkaneysla</b>	4,9	3,8	3	2,8	2,7
<b>Samneysla</b>	3,3	1,9	1,9	1,7	2,0
<b>Fjármunamyndun</b>	4,5	2,8	4,3	1,4	1,8
-Atvinnuvegafjárfesting	-1,2	0,2	2,6	-0,2	3,3
-Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	27,6	15,4	8,0	4,4	4,0
-Fjárfesting hins opinbera	12,8	1,7	6,8	4,3	-8,1
<b>Þjóðarútgjöld</b>	4,6	3,2	3,1	2,2	2,3
<b>Útflutningur vöru og þjónustu .</b>	3,1	2,4	2,8	2,5	2,8
<b>Innflutningur vöru og þjónustu</b>	4,7	3,9	3,7	2,2	2,4
<b>Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)</b>	3,8	2,5	2,7	2,4	2,6
<b>Viðskiptajöfnuður, % af VLF</b>	1,9	1,3	0,9	0,8	1,1
<b>Atvinnuleysi, % af vinnuafli</b>	3,1	3,4	3,7	3,9	4,0
<b>Vísitala neysliverðs (verðbólga)</b>	2,7	3,6	3,3	2,9	2,6
<b>Gengisvísitala</b>	2,3	3,3	0,0	0,0	0,0
<b>Raungengi</b>	-1,5	-1,7	1,2	0,9	0,5
<b>Laun</b>	6,2	6,0	4,5	4,2	4,2
<b>Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum</b>	2,3	2,1	1,9	1,8	1,7
<b>Olíuverð</b>	34,5	1,0	-4,7	-4,1	-2,8

Heimild: Hagstofa og viðkomandi bankar.

**Hagvöxtur.** Horfur á þessu ári hafa verið endurmetnar til hækkunar, m.a. í ljósi niðurstaðna hagstofu um hagvöxt á fyrri helmingi ársins. Hagstofa Íslands telur hagvöxt í ár verða 3,8%, en 2,9% í fyrri spá. Að öðru leyti er ný spá svipuð hinni fyrri og spáð 2,5% á næsta ári og um 2,7% árið 2020.

Tafla 1 sýnir að þess er vænst að fjárfestingar í íbúðarhúsnæði aukist á næstu árum sem og opinberum fjárfestingum. Hins vegar spáir hagstofa að hægja muni á vexti fjárfestingar atvinnuveganna, eftir mikinn vöxt nokkur undanfarin ár.

**Ferðaþjónustan** hefur skipt þjóðarbúið sköpum undanfarin ár. Spá Hagstofu byggir á áframhaldandi vexti ferðaþjónustu, þótt þeirri forsendu sé ekki gefið tölulegt gildi í birtri spá. Bæði Arion banki og Landsbankinn gera ráð fyrir um 6% fjölgun ferðamanna í ár og að þeim fjölgi um 2-2½ % næstu tvö árin. Felur það í sér umtalsvert hægari vöxt en undanfarin ár.

**Vísitala neysluverðs** byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.m.t húsnæði. Verðbólga hefur farið vaxandi á þessu ári. Þeir þættir sem haldið hafa aftur af henni undanfarin ár, hækkun gengis krónunnar og lækkun olíuverðs, hafa breytt um gír. Gengi krónunnar hefur lækkað töluvert nú á haustdögum og olíuverð hækkað mikið.

Í nýrri spá hefur hagstofan hækkað spá um verðbólgu á næsta ári og gerir nú ráð fyrir að verðbólga verði 3,6% í stað 2,9% í fyrri spá. Verðbólguhorfur til ársins 2020 hafa enn fremur versnað að mati hagstofu og spáð er að hún verði 3,3%, í stað 2,7%. Hagstofa gerir ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu hækki um rösklega þriðjung í ár, sem er töluvert meiri hækkun en í fyrri spá. Jafnframt er gert ráð fyrir að verðið muni hækka lítillega á næsta ári í stað lækkunar í fyrri spá.

Flestir spáaðilar eru á svipuðu róli í mati á verðbólguhorfum, en Arion banki nokkuð svartsýnni og spáir ívið meiri verðbólgu en hinir á næsta ári.

Gallup kannar fyrir Seðlabanka hvað heimili og forsvarsmanna stærstu fyrirtækja halda að verðbólga verði á næstunni. Í sumarkönnun kom fram að verðbólguvæntingar heimila hafa hækkað og eftir eitt ár vænta heimilin þessa að verðbólga verði 3,4%, en fyrirtæki og markaðsaðilar 3%.

**Húsnæðisverði** er hvorki spáð af Hagstofu né Seðlabanka, en það gera viðskiptabankarnir þeir. Aukið framboð húsnæðis sýnist vera að slá á verðhækkun íbúðarhúsnæðis undanfarinna ára. Þannig gerir Arion banki ráð fyrir að húsnæði hækki minna en verðbólga næstu árin og Landsbankinn spáir litilli raunhækkun. Í mati á þróun árána 2020 og 2021 skiljast leiðir og Landsbankinn spáir raunhækkun bæði árin en Arion spáir raunlækkun.

**Tafla 2. Raunbreyting húsnæðisverðs**

	2018	2019	2020	2021
<b>Arion banki</b>	3,3%	-0,1%	-1,6%	-2,4%
<b>Íslandsbanki</b>	5,6%	2,0%	1,2%	
<b>Landsbanki</b>	1,7%	0,3%	2,5%	5,0%

Heimild: Viðkomandi bankar.

**Gengi.** Í litlu opnu hagkerfi er gengi krónunnar lykilstærð og ræður miklu um verðlagsþróun. Skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt eru litlar, en öðru máli gegnir um mörg B-hluta fyrirtæki. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs.

Hagstofan gefur sér að gengi krónunnar haldist óbreytt frá því sem það var við spágerðina út spátímabilið. Það þýði að raungengið hækkar enn frekar. Raungengi krónunnar er vissulega mjög hátt um þessar mundir. Það er á svipuðu róli og á fyrri toppum, svo sem árin 1981, 1988 og 2007, þegar það reyndist ekki sjálfbært og gengið gaf verulega eftir. Áframhaldandi viðskiptaafgangur og hagstæð skuldastaða þjóðarinnar kunna að styðja við hátt raungengi á næstu

árum. En á móti vegur að launakostnaður íslenskra fyrirtækja mældur í erlendri mynt gerir samkeppnisstöðuna grafalvarlega.

Viðskiptabankarnir gera ráð fyrir að gengi krónunnar veikist á næstu árum, að meðaltali um 3,7% í ár, 4,7% á næsta ári og loks um 1% 2020.

**Atvinna.** Atvinnuleysi hefur áhrif á félagsleg útgjöld, s.s. fjárhagsaðstoð og dregur úr útsvarstekjum. Mikil umskipti hafa orðið á vinnumarkaði á undanförunum árum og atvinnuleysi nú um stundir með því lægsta sem sögur fara af. Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 3,1% í ár og 3,3% á næsta ári, en aukist lítillega á næstu árum og verði 4% í lok spátímabilsins.

Atvinnuþátttaka, samtala þeirra sem eru starfandi og atvinnulausir í virkri atvinnuleit, hefur vaxið, samfara aukinni vinnuafseftirspurn. Vorki hagstofa né bankarnir birta spá um þróun starfa.

**Laun.** Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 6,2% frá 2017 til 2018 og um 6% frá 2018 til 2019. Felur það í sér að kaupmáttur launa vaxi um 3,4% í ár og um 2,3% 2019, en um 1-1,5% á ári næstu árin þar á eftir.

Rétt er einnig að benda á að launaliður fjárlagafrumvarps 2019 er gert ráð fyrir að samningar ríkisstarfsmanna skili þeim 0,5% kaupmáttaraukningu. Það felur í sér að laun þeirra hækki að meðaltali um 3,4%, en að tilliti teknu til þess að kjarasamningar á opinberum markaði renna út í marslok reiknar ráðuneytið með að laun hækki um 3,1%.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru áform um að lækka tryggingagjald um 0,25 prósentustig í byrjun næsta árs og um sömu hlutfallstölu í ársbyrjun 2020. Gangi þessi áform eftir má gera ráð fyrir að tryggingagjald á næsta ári verði 6,6% og 6,35% árið þar á eftir.

**Vextir.** Hagstofa spáir ekki um þróun vaxta. Aðeins Íslandsbanki rýnir í þróun vaxta, annarra en stýrivaxta seðlabanka. Íslandsbanki reiknar með að langtíma vextir muni lækka, nafnvextir (RIKB 25) úr 5,3% í 4,7% árið 2020 og raunvextir (RIKS 30) úr 1,9% í 1,8%.

**Aðrar spár.** Niðurstaða viðskiptabankanna og Seðlabanka eru mjög á sömu lund hagstofunnar og þar teiknuð upp mjúk lending þjóðarbúskaparins sem leitar jafnvægis í kringum langtímameðaltöl. Búast má við einhverri ókyrrð í lofti fyrir lendingu, segja þessar spár. Arion banki og Íslandsbanki spá minni hagvexti en aðrir á næsta ári, eða 1,3-1,4% meta horfur um hag

**Tafla 3. Nýjustu spár bankanna og hagstofu.**

Verg landsframleiðsla, % br. f.f. ári				Verðbólga, % br. f.f. ári			
	2018	2019	2020		2018	2019	2020
<b>Hagstofa</b>	<b>3,8</b>	<b>2,5</b>	<b>2,7</b>	<b>Hagstofa</b>	<b>2,7</b>	<b>3,6</b>	<b>3,3</b>
Arion banki	4,6	1,3	3,0	Arion banki	2,7	4,4	3,3
Íslandsbanki	3,4	1,5	2,8	Íslandsbanki	2,6	3,5	3,2
Landsbanki	3,9	2,4	2,2	Landsbanki	2,6	3,7	3,4
Seðlabanki	3,6	2,7	3,0	Seðlabanki	2,7	2,8	2,7
<b>Meðaltal banka</b>	<b>3,9</b>	<b>2,0</b>	<b>2,8</b>	<b>Meðaltal banka</b>	<b>2,7</b>	<b>3,6</b>	<b>3,2</b>

  

Laun, % br. f.f. ári				Atvinnuleysi, % af vinnuafli			
	2018	2019	2020		2018	2019	2020
<b>Hagstofa</b>	<b>6,2</b>	<b>6,0</b>	<b>4,5</b>	<b>Hagstofa</b>	<b>3,1</b>	<b>3,4</b>	<b>3,7</b>
Arion banki	6,4	6,3	5,4	Arion banki	2,8	3,4	4,0
Íslandsbanki	6,4	5,0	5,0	Íslandsbanki	3,0	3,2	3,4
Landsbanki	6,3	4,8	4,3	Landsbanki	2,2	2,7	3,0
Seðlabanki	6,2	6,2	..	Seðlabanki	3,0	3,0	3,4
<b>Meðaltal banka</b>	<b>6,3</b>	<b>5,6</b>	<b>4,9</b>	<b>Meðaltal banka</b>	<b>2,8</b>	<b>3,1</b>	<b>3,5</b>

**Óvissa.** Hagspár eru sett fram sem breyting á föstu verðlagi með einum aukastaf sem gæti bent til að mikil vissa sé um að spáin muni ganga eftir. Svo er þó ekki enda spár jafnan óvissu undirorpnar. Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Kjarasamningar.* Mikið ber á milli krafa samtaka launafólks og atvinnurekenda. Kjarasamningar á almennum markaði lausir um nk. áramót og á opinberum markaði í lok mars. Niðurstöður geta riðlað öllum áætlunum sveitarfélaga.
- *Ríkisfjármál.* Aðkoma ríkisstjórnarinnar að gerð kjarasamninga gæti veikt aðhald opinberra fjármála og haft margvísleg áhrif á fjármál sveitarfélaga.
- *Ferðaþjónusta.* Erfiður rekstur hjá lykil fyrirtækjum. Mikil fjárfesting og horfur um minnkandi vöxt. Gengi krónunnar er afar viðkvæmt fyrir hjartslættinum í greininni.
- *Gengi krónunnar.* Raungengi óþægilega hátt fyrir samkeppnisgreinar. Hefur farið lækandi að undanförunu. Spár eru varfærnar sem endranær.
- *Alþjóðaviðskipti.* Viðskiptastríð gæti brostið á. Óvíst er hvernig Bretar munu ganga úr ESB, en það gæti haft mikil áhrif á okkar þjóðarbúskap.

## Forsendur um tekjur

Hag- og upplýsingasvið hefur birt staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftiráálagningu vegna ársins í ár. Áætlunin er byggð á upplýsingum fjármálaráðuneytisins um hækkun tekjuskattstofns. Í töflu 3 er áætlun ráðuneytisins fyrir árin 2019-2022 sýnd.

**Tafla 4. Breyting tekjuskattsstofns 2019 – 2022.**

	2019	2020	2021	2022
<b>Hækkun tekjuskattsstofns</b>	6,9%	5,1%	5,0%	6,4%

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Þá er rétt að benda á að almennt úrræði um úttekt iðgjalda, sem greidd eru í séreignarlífeyrissjóð, til að kaupa íbúð eða greiða niður lán, fellur niður um mitt næsta ár. Búast má við að það dragi úr greiðslum í slíka sjóði á síðari hluta ársins og minni frádráttar lífeyrisiðgjalda þýðir meiri hækkun útsvarsstofns.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur sent frá sér áætlun um framlög á næsta ári. Í töflu í lok þessa minnisblaðs eru áætluð framlög í heild fyrir 2019 tekin saman og til samanburðar sýnd framlög á þessu ári. Um er að ræða framlög án framlaga til málefna fatlaðs fólks.

Þá skal bent á að til umsagnar í samráðsgátt liggja drög að breytingum á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem taka til útgjaldajöfnunarframlaga. Áform ráðuneytisins eru að breytingarnar taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Þessar eru breytingarnar sem fyrirhugaðar eru:

- **„Hagkvæmniú“ breytt.** Breytingin felst í því að útgjaldaframlag byrjar að skerðast við 2.900 íbúa markið í stað 2.400 í dag. Skerðingarstuðli 0,215 verður beitt á framlög til sveitarfélaga þar sem íbúafjöldi er á bilinu 10-16 þús. í stað 9-15 þús. í dag. Framlög millistórra sveitarfélaga munu aukast með þessari breytingu.
- **Breyting á vægi í viðmiðum.** Vægi fjarlægða innan marka sveitarfélaga minnkar, en á móti eykst vægi íbúa á aldrinum 6-15 ára og vægi þéttbýliskjarna umfram einn.
- **Þéttbýlisstaðir á höfuðborgarsvæðinu.** Í viðmiði um fjölda þéttbýlisstaða verður höfuðborgarsvæðið skilgreint sem eitt þéttbýli. Það hefur í för með sér t.d. að Garðabær verður ekki talinn skiptast í tvo þéttbýliskjarna og sveitarfélagið verður því að framlögum vegna þessa.
- **Tillit tekið til fjölgunar íbúa.** Lagt er til að komið verði til móts við sveitarfélög sem búa við mikila fjölgun íbúa og þeim gefið 1% vægi og samtímis verði vægi vegna íbúafækkunar lækkað úr 2,5% í 1,5%.
- **Tekjuskerðingu breytt.** Við ákvörðun útgjaldajöfnunarframlaga er tekið tillit til meðaltekna á íbúa, m.v. fulla nýtingu tekjustofna. Í dag skerðast framlög að fullu þegar meðaltekjur sveitarfélags á hvern íbúa eru 30% hærri en meðaltal sambærilegra. Lagt er til að þessi tala lækki niður í 23%.

## Mannfjöldapróun

Hagstofa Íslands hefur endurskoðað mannfjöldaspá sína og tekur hin nýja spá til næstu 50 ára, áranna 2018-2067. Til lengri tíma er um að ræða hefðbundinn framreikning, en spáin um fólksflutninga áranna 2018-2022 er byggð á spám um hagvöxt og atvinnuleysi. Af þeim sökum gerir hagstofan ráð fyrir miklum aðflutningi fólks umfram brottflutning, eða á bilinu 3.500-4.500 árin 2019- 2022. Í framreikningi síðari ára er reiknað með 929 aðfluttum nettó árlega. Hagstofan gerir ráð fyrir íbúum landsins fjölgi um 2,4% frá 2018 til 2019 og um 2% frá 2019 til 2020.

Í töflu 4 er sýnd spá um einstaka aldursárganga. Þar vekur sérstaka athygli mikil fjölgun yngstu árganganna. Hafa verður í huga að fæðingarárgangar 2015 og þó einkum 2016 og 2017 voru óvenju fámennir, aðeins rétt rúmlega 4.000 börn. Það eru því líkur á að konur hafi frestað barneignum og hagstofa reiknar með að fæðingarárgangar 2019 og 2020 verði fjölmennir. Þetta mun væntanlega auka eftirspurn á ný eftir leikskólalássnum. Eldri árgöngum mun einnig fjölga umtalsvert, íbúum 67 ára og eldri mun skv. spá hagstofu fjölga um 3,5% árlega, eða um tæplega 19% frá 2108 til 2023. Landsmönnum eldri en 81 árs mun fjölga hægar og reiknar hagstofa með 6,5% fjölgun þeirra frá 2108-2023.

**Tafla 5. Endurskoðuð mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofu Íslands.**

	Mannfjöldi 1. janúar				Breyting	
	2018	2019	2020	2023	2018-2019	2018-2023
<b>Á 1. ári</b>	4.093	4.901	5.010	5.228	19,7%	27,7%
<b>1-5 ára</b>	21.776	21.664	22.369	25.186	-0,5%	15,7%
<b>6-16 ára</b>	50.022	50.986	51.739	52.727	1,9%	5,4%
<b>17-20 ára</b>	18.189	18.102	17.927	18.382	-0,5%	1,1%
<b>21-65 ára</b>	208.791	214.008	218.049	227.135	2,5%	8,8%
<b>66-70 ára</b>	15.423	15.876	16.367	17.919	2,9%	16,2%
<b>71-80 ára</b>	19.138	20.092	21.184	24.528	5,0%	28,2%
<b>81 árs o.e.</b>	11.017	11.150	11.261	11.736	1,2%	6,5%
<b>Alls</b>	348.450	356.779	363.906	382.841	2,4%	9,9%

Byggðastofnun hefur birt mannfjöldaspá eftir sveitarfélögum og er hana að finna á heimasíðu stofnunarinnar og hana má nálgast hér: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/mannfjoldaspabyggdastofnunar.pdf>

SAS

Sveitarfélag	2018	2019	Breyting milli ára
Reykjavíkurborg	1.610.299.241	1.455.114.747	-9,6%
Kópavogsbær	644.044.400	816.198.316	26,7%
Seltjarnarneskaupstaður	157.355.588	88.390.637	-43,8%
Garðabær	569.384.565	468.794.267	-17,7%
Hafnarfjarðarkaupstaður	977.030.263	1.153.137.996	18,0%
Mosfellsbær	803.186.404	716.720.550	-10,8%
Kjósarhreppur	6.903.686	17.805.411	157,9%
Reykjanesbær	1.927.953.769	1.394.603.175	-27,7%
Grindavíkurbær	556.519.749	619.133.226	11,3%
Sveitarfélagið Vogar	337.879.211	371.383.981	9,9%
Sandgerðisbær/Sveitarfélagið Garður	593.276.200	571.125.338	-3,7%
Akraneskaupstaður	773.673.875	837.449.933	8,2%
Skorradalshreppur	0	0	...
Hvalfjarðarsveit	0	0	...
Borgarbyggð	870.230.810	939.767.562	8,0%
Grundarfjarðarbær	197.687.275	186.833.225	-5,5%
Helgafellssveit	24.611.889	27.964.576	13,6%
Stykkishólmsbær	242.985.976	274.834.275	13,1%
Eyja- og Miklaholtshreppur	43.860.565	61.147.633	39,4%
Snæfellsbær	475.989.559	515.946.330	8,4%
Dalabyggð	283.457.609	255.072.508	-10,0%
Bolungarvíkurkaupstaður	288.273.275	270.404.039	-6,2%
Ísafjarðarbær	865.344.853	936.814.782	8,3%
Reykholahreppur	181.220.107	168.886.739	-6,8%
Tálknafjarðarhreppur	186.436.989	117.526.682	-37,0%
Vesturbyggð	398.564.117	373.698.612	-6,2%
Súðavíkurhreppur	147.496.141	128.958.388	-12,6%
Árneshreppur	9.811.059	10.246.005	4,4%
Kaldrananeshreppur	24.683.905	31.075.321	25,9%
Strandabyggð	223.001.853	204.227.803	-8,4%
Sveitarfélagið Skagafjörður	827.506.345	974.330.883	17,7%
Húnaþing vestra	430.845.398	387.925.614	-10,0%
Blönduósbær	262.991.222	291.381.768	10,8%
Sveitarfélagið Skagatrönd	160.519.308	183.572.001	14,4%
Skagabyggð	39.793.973	60.044.998	50,9%
Húnavatnshreppur	143.473.504	154.903.229	8,0%
Akrahreppur	95.774.569	64.613.893	-32,5%
Akureyrarkaupstaður	1.625.898.533	1.790.858.420	10,1%
Norðurþing	612.613.067	625.936.508	2,2%
Fjallabyggð	493.729.239	501.947.436	1,7%
Dalvíkurbyggð	494.989.947	489.339.666	-1,1%
Eyjaþingarsveit	265.330.077	258.286.958	-2,7%
Hörgársveit	165.733.434	164.323.024	-0,9%
Svalbarðsstrandarhreppur	112.029.275	127.015.813	13,4%
Grýtubakkahreppur	122.235.753	117.785.526	-3,6%
Skútustaðahreppur	58.496.260	62.510.584	6,9%
Tjörneshreppur	8.109.173	8.576.194	5,8%
Þingeyjarsveit	278.210.534	290.924.358	4,6%
Svalbarðshreppur	51.729.245	40.015.616	-22,6%
Langanesbyggð	218.725.603	189.578.023	-13,3%
Seyðisfjarðarkaupstaður	147.463.909	176.596.127	19,8%
Fjarðabyggð	875.749.115	900.900.762	2,9%
Vopnafjarðarhreppur	189.435.007	207.218.764	9,4%
Fljótadalshreppur	0	0	...
Borgarfjarðarhreppur	47.824.130	41.175.810	-13,9%
Djúpavogshreppur	208.340.716	213.812.335	2,6%
Fljótadalshérað	917.902.784	922.247.328	0,5%
Sveitarfélagið Hornafjörður	526.339.505	547.009.207	3,9%
Vestmannaeyjabær	465.767.931	549.795.264	18,0%
Sveitarfélagið Árborg	1.032.705.249	1.080.315.916	4,6%
Mýrdalshreppur	96.374.423	71.393.440	-25,9%
Skafárhreppur	114.952.751	113.841.909	-1,0%
Ásahreppur	0	0	...
Rangárþing eystra	411.919.697	409.466.487	-0,6%
Rangárþing ytra	320.742.764	293.309.413	-8,6%
Hrunamannahreppur	154.075.547	155.001.112	0,6%
Hveragerðisbær	404.611.510	406.216.761	0,4%
Sveitarfélagið Ölfus	374.657.559	403.213.061	7,6%
Grímsnes- og Grafingshreppur	0	0	...
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	79.768.119	55.468.376	-30,5%
Bláskógabyggð	161.120.284	180.606.478	12,1%
Flóahreppur	213.155.609	217.846.918	2,2%
<b>Samtals</b>	<b>26.632.803.997</b>	<b>26.742.568.036</b>	<b>0,4%</b>